

**REGLUGERD
um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings
á ostum frá Noregi.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurostí frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Timabil	Vörumagn	Verötollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01.2005 - 31.12.2005	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglysingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglystum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvorum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.